

Miðvikudaginn 3. júní 1970.

Nr. 81/1970: **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Einari Guðmundssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1970.

Ár 1970, þriðjudaginn 3. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 49-50/1970: Ákærvaldið gegn Einari Guðmundssyni og Sveini Gunnari Salómonssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 13. f. m., gegn:

1. *Einari Guðmundssyni* matsveini, Langháltsvegi 85 hér í borg, fæddum 16. október 1946 að Arnarstaðakoti í Flóa,
2. *Sveini Gunnari Salómonssyni* sjómanni, Safamýri 40, fædd-

um 29. október 1946 í Reykjavík, „fyrir skjalafals, framið í Reykjavík í október, nóvember og desember 1969, og gegn hinum síðarnefnda fyrir skjalafals, framið í Keflavík í október 1969, en til vara þykir þetta síðastnefnda tilvik vera fjársvik.

Í skjalafalsbrotunum notuðu þeir tékka, sem ritaðir voru á eyðublöð úr hlaupareikningshefti frá Útibúi Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, sem ákærði Einar tók ófrjálsri hendi í herbergi í Hafnarbúðum laugardaginn 5. október 1969. Fölsuðu ákærðu, svo sem rakið verður, nöfn útgefanda og framseljenda á tékkana, valin af handahófi, og stíluðu þá til handhafa, nema þar sem annars verður getið, á hlaupareikningsnúmer, valin af handahófi. Fyrir tékkana keyptu þeir vörur í ýmsum verzlunum og veitingar á veitingastöðum og fengu í sumum tilfellum lítið eitt af peningum til baka.

I.

Báðum ákærðu er gefið að sök að hafa í félagi selt eftirtalda falstékka, sem ákærði Einar ritaði:

1. No. 505413, kr. 500.00, dagsettur 5. október 1969, á hlaupareikning nr. 510. Nafn útgefanda Pétur Ragnarsson. Seldur á útgáfudegi í verzluninni á Brekkustíg 1.

2. No. 505417, kr. 500.00, dagsettur 5. október 1969, á hlaupareikning nr. 20. Nafn útgefanda Pétur Ragnarsson. Seldur á útgáfudegi á veitingastaðnum Múlakaffi, Hallarmúla.

3. No. 505425, kr. 5.280.00, dagsettur 10. nóvember 1969, á hlaupareikning nr. 210. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í Vinnufatabúðinni, Hverfisgötu 26.

4. No. 505428, kr. 9.705.00, dagsettur 11. nóvember 1969, á hlaupareikning nr. 210. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í Tízkuverzluninni Hélu, Laugavegi 31.

5. No. 505433, kr. 2.500.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar H. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í Verzluninni Sóley, Hafnarstræti 19.

6. No. 505435, kr. 4.500.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í raftækjaverzluninni Raforku, Austurstræti.

7. No. 505438, kr. 3.281.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda og framseljanda Ragnar E. Eggertsson. Við framsalið er ritað heimilisfangið Eyjagötu 12. Seldur á útgáfudegi í verzluninni Hagkaupum, Lækjargötu 4.

II.

Ákærða Einari Guðmundssyni er gefið að sök að hafa ritað og selt eftirtalda falstékka:

1. No. 505423, kr. 10.500.00, til Herramannsins, dagsettur 10. nóvember 1969, á hlaupareikning nr. 210. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í verzluninni Herramanninum, Aðalstræti 16.

2. No. 505427, kr. 3.320.00, til Á. T. V. R., dagsettur 11. nóvember 1969, á hlaupareikning nr. 210. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur í vínbúðinni Laugarásvegi 1.

3. No. 505432, kr. 1.500.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar H. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í verzluninni Skósölunni, Laugavegi 1.

4. No. 505434, kr. 1.800.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í skóverzlun Hvannbergsbræðra, Pósthússtræti 2.

5. No. 505436, kr. 1.800.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikning nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í verzluninni London, dömudeild, Austurstræti 14.

6. No. 505437, kr. 1.195.00, dagsettur 13. desember 1969, á hlaupareikningi nr. 312. Nafn útgefanda Ragnar E. Tómasson. Seldur á útgáfudegi í Véla- og Raftækjaverzluninni, Lækjargötu 2.

III.

Ákærða Sveini Gunnari Salómonssyni er gefið að sök að hafa ritað og selt þennan falstékka:

1. No. 505429, kr. 10.856.00, dagsettur 12. nóvember 1969, á hlaupareikning nr. 210. Nafn útgefanda Sveinn Kristinsson. Seldur á útgáfudegi í verzluninni Herrabúðinni, Vesturveri.

IV.

Ákærða Sveini Gunnari Salómonssyni er gefið að sök að hafa fimmtudaginn 16. október 1969 fengið eiginkonu sína, Brynhildi Sigurðardóttur, til að útfylla tékka úr áður nefndu tékkhefti, No. 505422, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettan nefndan dag, á hlaupareikning nr. 210 og gefa hann út og framselja með réttu nafni konunnar, en rita við framsalið rangt heimilisfang og símanúmer: Austurvegi 18, S. 1354. Með plagg þetta, sem ákærða

var ljóst, að var verðlaust, sendi hann konuna inn í verzlunina Blöndu við Hafnargötu í Keflavík, þar sem hún keypti vörur fyrir kr. 300.00 og fékk kr. 700.00 í peningum til baka, en þá peninga fékk ákærði og eyddi þeim.

V.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum I—IV, þykja varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara þykir verknaður sá, sem lýst er í lið IV, varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótaþrengislu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Sunnudaginn 5. október 1969 voru ákærðu staddir í Hafnarbúðum hér í borg. Tók ákærði Einar þá í heimildarleysi tékkhefti, eign Péturs Eggerz frá Vestmannaeyjum, sem bjó í Hafnarbúðum, er þetta gerðist. Heftið var í jakkavasa Péturs í herbergi hans. Samkvæmt framburði ákærða voru þeir við drykkju með Pétri.

Tékkheftið var úr Útibúi Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum.

Á eyðublöð úr hefti þessu fölsuðu ákærðu síðan tékka og seldu þá, svo sem nú verður rakið.

I. Ákærðu voru saman um að hagnýta sjö tékka, sem falsaðir voru á áðurnefnd eyðublöð. Ákærði Einar ritaði alla þessa tékka.

1. Tékki, kr. 500.00, útgefinn til handhafa 5. október á hlaupareikning 510, undirritaður Pétur Ragnarsson. Tékkann seldu ákærðu í verzluninni Brekkustíg 1.

2. Tékki, kr. 500.00, útgefinn til handhafa 5. október á hlaupareikning 210, undirritaður Pétur Ragnarsson. Fyrir tékkann seldu ákærðu veitingar í Múlakaffi hér í borg, enda er tékkinn framseldur af Veitingum h/f, sem reka það veitingahús.

3. Tékki, kr. 5.280.00, útgefinn til Vinnufatabúðarinnar 10. nóvember á hlaupareikning 210, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékkann keyptu ákærðu fatnað í Vinnufatabúðinni, Hverfisgötu 26, tvo kuldaþakka og tvær skyrtur. Við rannsókn málsins hafðist upp á fatnaði þessum, og var honum skilað.

4. Tékki, kr. 9.705.00, útgefinn til handhafa 11. nóvember á hlaupareikning 210, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Ákærði Sveinn Gunnar ók konu sinni og ákærða Einari að Tízkuverzluninni Hélu, Laugavegi 31. Fór Einar þar inn, keypti fatnað og

greiddi hann með tékkanum. Kona Sveins Gunnars fór inn í verzlunina með Einari, og fékk hún í sinn hlut „skokk“, sem keyptur var. Ákærði Einar telur sig hafa verið einan um brot þetta, en Sveinn Gunnar segir, að erindið að verzluninni hafi verið að selja þar tékka. Kannast hann við það, að hann hafi átt hlutdeild í broti þessu.

5. Tékki, kr. 2.500.00, útgefinn til handhafa 13. desember á hlaupareikning 312, undirritaður Ragnar H. Tómasson. Fyrir tékka þennan keyptu ákærðu nokkuð af fatnaði í Verzluninni Sóley, Hafnarstræti 19. Skiptu þeir honum milli sín. Fatnaðurinn, sem talinn er að verðmæti kr. 2.451.00, komst til skila við rannsókn málsins.

6. Tékki, kr. 4.500.00, útgefinn til handhafa 13. desember á hlaupareikning 312, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékka þennan keyptu ákærðu tvö loftljós í raftækjaverzluninni Raforku í Austurstræti. Ákærðu fengu 187 kr. greiddar til baka í peningum.

Vörurnar komust til skila, en önnur ljósakrónan var skemmd.

7. Tékki, kr. 3.281.00, útgefinn til handhafa 13. desember á reikning 312, undirritaður Ragnar E. Eggertsson. Tékkinn er einnig framseldur með sama nafni. Fyrir tékka þennan keyptu ákærðu vörur, aðallega fatnað, í verzluninni Hagkaupum við Lækjargötu. Við rannsókn málsins komust til skila vörur að verðmæti kr. 3.151.00.

II. Sannað er, að ákærði Einar Guðmundsson falsaði eftirtalda 6 tékka og notaði þá í lögskiptum, svo sem nú skal lýst:

1. Tékki, kr. 10.500.00, útgefinn til Herramannsins 10. nóvember á hlaupareikning 21 C, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar fatnaðarvörur í verzluninni Herramanninum í Aðalstræti. Ákærði Sveinn Gunnar var þá í fylgd með Einari og vissi um atferli hans, en hann fékk ekkert af varningnum í sinn hlut. Hann er ekki saksóttur fyrir þátttöku í notkun tékkans. Við rannsókn málsins komst til skila varningur sá, sem Einar hafði fengið fyrir tékkann, a. m. k. að miklu leyti, og hefur verzlunin fallið frá kröfu á hendur ákærða Einari.

2. Tékki, kr. 3.320.00, útgefinn til Á. T. V. R. 11. nóvember á hlaupareikning 210, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar áfengi í vínbúðinni Laugarásvegi 1. Sveinn Gunnar var ekki í fylgd með honum í þetta skipti.

3. Tékki, kr. 1.500.00, útgefinn til handhafa 13. desember á

hlaupareikning 312, undirritaður Ragnar H. Tómasson. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar í Skósölunni 1 dömukulda-stígvél, er hann gaf kærustu sinni. Sveinn Gunnar var í fylgd með honum, er hann gerði kaup þessi, en ekki naut hann góðs af því, sem fyrir tékkann fékkst. Við rannsókn málsins komust stígvélin til skila, og hefur verzlunin ekki óskað að koma að fjárkröfu á hendur ákærða.

4. Tékki, kr. 1.800.00, útgefinn til handhafa 13. desember á hlaupareikning 312, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar í verzlun Hvannbergsbræðra, Pósthússtræti hér í borg, skó, sem kostuðu 1.530 kr., og fékk mismuninn á verði skónna og tékkanum greiddan í peningum. Skóna gaf ákærði kærustu sinni. Ákærði Sveinn Gunnar var í fylgd með honum. Við rannsókn málsins komust skórnir til skila, en fjárfrafa er ekki höfð uppi í máli þessu af hálfu verzlunarinnar.

5. Tékki, kr. 1.800.00, útgefinn til handhafa 13. desember á hlaupareikning 312, undirritaður Ragnar E. Tómasson. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar dömuvski í verzluninni London, dömudeild, Austurstræti 14. Ákærði Sveinn Gunnar var í fylgd með Einari, en naut ekki góðs af broti hans. Við rannsókn málsins komst veskið til skila, og hafa ekki verið hafðar uppi kröfur af hálfu verzlunarinnar.

6. Tékki, kr. 1.175.00 (ekki 1.195.00 kr., eins og segir í ákæru), útgefinn til handhafa 13. desember á hlaupareikning 312. Fyrir tékka þennan keypti ákærði Einar rafmagnsrakvél í Véla- og raftækjaverzluninni, Lækjargötu 2. Ákærði Sveinn Gunnar var í fylgd með honum. Við rannsókn málsins komst vélín til skila óskemmd. Er ekki um fjárkröfur af hálfu verzlunarinnar að ræða.

III. Ákærði Sveinn Gunnar Salómonsson hafði stundum undir höndum tékkhefti Péturs Eggerz, það, sem ákærði Einar hafði tekið í Hafnarbúðum 5. október. Hinn 12. nóvember keypti ákærði Sveinn Gunnar fatnað í Herrabúðinni í Vesturveri og greiddi með tékka, sem hann hafði falsað á eyðublað úr heftinu. Er hér um að ræða tékka að fjárhæð kr. 10.856.00, útgefinn til handhafa 12. nóvember á hlaupareikning 210, undirritaður Sveinn Kristinsson. Ákærði Einar var í fylgd með Sveini Gunnari, en naut ekki góðs af fengnum. Við rannsókn málsins komst til skila að því er virðist allur sá varningur, sem ákærði hafði keypt fyrir tékkann, þó ekki óskemmdur, en verzlunin hefur þó ekki óskað að koma að fjárkröfu á hendur ákærða.

IV. Hinn 16. október fékk ákærði Sveinn Gunnar konu sína,

Brynhildi Kristjánsdóttur, til þess að rita tékka á eitt af áður-nefndum eyðublöðum. Gaf hún tékkann, sem var að fjárhæð kr. 1.000.00, út til handhafa á hlaupareikning 210 og undirritaði hann með réttu nafni sínu. Fékk ákærði Sveinn Gunnar Brynhildi til þess að kaupa fyrir tékkann vörur í verzluninni Blöndu í Keflavík. Vörurnar kostuðu um 300 kr., og fékk Brynhildur því um 700 kr. til baka í peningum.

Ákærðu hafa ekki að neinu leyti bætt tjón af brotum sínum að undanskildu því, sem fram er komið hér á undan, að töluvert af fatnaði þeim, sem þeir öfluðu sér með brotunum, komst til skila.

Á hendur hinum ákærðu in solidum hafa þessir tékkaeigendur gert fjárkröfur í málinu:

Leví Konráðsson (sbr. I. 1.)	kr. 500.00
Veitingar h/f (sbr. I. 2.)	— 500.00
Raftækjaverzlunin Raforka (sbr. I. 6.)	— 1.500.00

Þá hefur Sigurður Halldórsson, útsölustjóri í vínbúðinni Laugarásvegi 1, krafizt þess, að ákærði Einar verði dæmdur til greiðslu kr. 3.320.00, sbr. ákærulið II, 2.

Loks krefst Jóhanna Sigurbjörg Óladóttir, Hátúni 4 í Keflavík, þess, að ákærði Sveinn Gunnar verði dæmdur til greiðslu kr. 1.000.00, sbr. ákærulið III.

Ákærði Einar hefur samþykkt kröfurnar fyrir sitt leyti. Ákærði Sveinn Gunnar hefur einungis mótmælt ábyrgð sinni á kröfu raftækjaverzlunarinnar Raforku, en samþykkir fjárkröfurnar að öðru leyti.

Niðurstöður.

Með því að nota í lögskiptum tékka með fölsuðum nafnritunum hafa ákærðu báðir brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru segir, og fyrir notkun tékka þess, sem talinn er í IV. kafla ákæru, ber einnig að refsa ákærða Sveini Gunnari fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. varakröfu í ákæruskjali.

Ákærði Einar Guðmundsson hefur áður sætt þessum refsisdómum:

1962 30/7	2 mánaða skilorðsbundið varðhald fyrir brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga o. fl.
1966 16/3	5.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 26/5	4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik.

1966 5/8 5.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 11/10 1 árs fangelsi fyrir árás og svik.

1967 12/12 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

Refsing ákærða Einars verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 1 ár.

Ákærði Sveinn Gunnar Salómonsson hefur ekki sætt öðrum refsingum en sektum fyrir umferðarlagabrot, ölvun o. fl., en 26. júní f. á. var ákæru á hendur honum fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga frestað skilorðsbundið 2 ár. Ákæra út af því broti hefur ekki verið tekin upp nú þrátt fyrir skilorðsrof.

Refsing ákærða Sveins Gunnars verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ekki eru skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Rétt þykir að taka til greina allar fjárkröfur á hendur hinum ákærðu, þar á meðal kröfu raftækjaverzlunarinnar Raforku á hendur ákærða Sveini Gunnari óskipt með ákærða Einari.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum kostnað sakar þessarar.

Dómsorð:

Ákærði Einar Guðmundsson sæti fangelsi 1 ár.

Ákærði Sveinn Gunnar Salómonsson sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum:

1. Leví Konráðssyni kr. 500.00,

2. Veitingum h/f kr. 500.00,

3. Raftækjaverzluninni Raforku kr. 1.500.00.

Ákærði Einar Guðmundsson greiði Sigurði Halldórssyni kr. 3.320.00.

Ákærði Sveinn Gunnar Salómonsson greiði Jóhönnu Sigurbjörgu Óladóttur kr. 1.000.00.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.